

1862.

27. febrúar.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tillag til Reykjavíkur bæjarsjóðs.

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir bæjarstjórnin í Reykjavík kvartað yfir því, að þér, herra stiptamtmaður, hafið fært niður úr 12 ríkisdöllum í 10 ríkisdali tillag það, er Einari prentara Þórðarsyni var gjört að greiða til bæjarsjóðsins fyrir árið 1861, án þess þér áður hafið fengið álit bæjarstjórnarinnar um málið, og án þess að öðru leyti hafi gætt verið þess, sem fyrir er skipað í 21. grein í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvemberm. 1846.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar um málefni þetta, dagsett 4. nóvemberm. f. á., skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutadeigendum, að það reyndar er vitaskuld, að þegar áfrýjað er úrskurðum bæjarstjórnarinnar um tillög manna til bæjarsjóðsins, ber að við hafa þá adferð, sem fyrir er skipuð í lagaákvörðun þeirri, sem að ofan er greind, en að það, sem hér hefir verið út af þessu brugðið, eigi virðist í raun og veru hafa gjört neitt að verkum í máli því, sem hér er um rætt; einkum þaræð kærandinn, eptir því sem þér hafið frá skýrt, byggði kæruskjal sitt til amtsins einmitt á sömu ástæðum og umkvörtunina þar á undan til bæjarstjórnarinnar, og stiptamtmaður þar að auki hafði fyrir sér bæði umkvörtunina til bæjarstjórnarinnar og svar hennar 15. júlím. f. á.

28. febrúar. 14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skilning á ýms-um ákvörðunum í tilskipun 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi. ¹

Í bréfi 24. septemberm., er síðast leið, hafið þér, herra amtmaður, beðið um svar dómsmálastjórnarinnar upp á spurn-

1) Stiptamtmaninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir vesturumdæminu var sama dag sent eptirrit af bréfi þessu.